



## Reglur um styrki til náms í leikskólakennarafræðum fyrir starfsfólk leikskóla Kópavogs

### 1. gr.

#### Styrkir til náms

Kópavogsbær veitir starfsfólki leikskóla, sem reknir eru af sveitarfélaginu, styrki til náms í leikskólakennarafræðum. Námsstyrkir eru annars vegar í formi launaðs leyfis vegna mætinga í bók- og verknám og hins vegar styrkur fyrir skólagjöldum og/eða námsbókum, allt eftir tegund náms og aðstæðum.

Markmið styrkjanna er að fjölga kennurum með leyfisbréf og sérhæfingu á leikskólastigi og leikskólaliðum í leikskólum sem Kópavogsbær rekur. Jafnframt að hækka hlutfall fagmenntaðs starfsfólks í þeim tilgangi að efla faglegt starf og auka stöðugleika í starfsmannahaldi í leikskólunum.

### 2. gr.

#### Skilyrði námsstyrks

Námsstyrkir samkvæmt reglum þessum eru einungis veittir að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- a. umsækjandi sé í a.m.k. 25% starfi í leikskóla sem rekinn er af Kópavogsbæ
- b. umsækjandi hafi að lágmarki þriggja mánaða starfsreynslu í leikskóla sem rekinn er af Kópavogsbæ
- c. umsækjandi hafi meðmæli leikskólastjóra
- d. umsækjandi sé ekki í launuðu námsleyfi vegna námsins
- e. umsækjandi hafi lokið 40 einingum hið minnsta á síðasta skólaári (ef nám er hafið)
- f. umsækjandi hafi ekki farið yfir sett tímamörk fyrir námið (ef nám er hafið).

### 3. gr.

#### Starfsfólk í leikskólakennaranámi

Starfsfólk í námi í leikskólakennarafræðum getur verið frá störfum á launum í allt að sjö vikur eða 35 virka daga á ári, miðað við starfshlutfall, vegna mætinga í allt að sjö ár.

Starfsfólk getur einnig sótt um bóka- og skólstyrk.

Námi skal lokið innan sjö ára og lýkur með leyfisbréfi kennara og sérhæfingu á leikskólastigi.

Fjárveiting til leikskóla vegna þessa er 0,125 stöðugildi á hvern nema í 100% starfi.

#### 3.1 gr.

##### Fagháskólanám í leikskólakennarafræði

Starfsfólk í fagháskólanámi í leikskólakennarafræði getur verið frá störfum á launum í allt að þrjár og hálfu viku eða 17,5 virka daga á ári, miðað við starfshlutfall, vegna mætinga í tvö ár.

Starfsfólk getur einnig sótt um bóka- og skólstyrk.

Að loknu fagháskólanámi getur starfsmaður sótt um námsstyrk samkvæmt 3. gr. reglna um námstyrki fyrir starfsfólk í leikskólakennaranámi.

Fjárveiting til leikskóla vegna þessa er 0.0625 stöðugildi á hvern nema í 100% starfi.



#### 4. gr.

##### **Háskólamenntað starfsfólk sem hyggst bæta við sig námi til þess að fá leyfisbréf kennara og sérhæfingu á leikskólastigi**

Háskólamenntað starfsfólk sem vill bæta við sig menntun til að öðlast leyfisbréf kennara og sérhæfingu á leikskólastigi getur verið frá störfum í allt að sjö vikur eða 35 virka daga á ári, miðað við starfshlutfall, vegna mætinga í allt að tvö ár.

Starfsfólk getur einnig sótt um bóka- og skólasterk.

Námi skal lokið innan tveggja ára og lýkur með leyfisbréfi kennara og sérhæfingu á leikskólastigi. Nemar hafa tækifæri á að dreifa námstyrknum á þrjú ár í samráði við leikskólastjóra og deildarstjóra leikskóladeildar.

Fjárveiting til leikskóla vegna þessa er 0,125 stöðugildi á hvern nema í 100% starfi.

#### 5. gr.

##### **Leikskólakennarar með eldra próf sem vilja bæta við sig B.Ed. gráðu í leikskólafræðum**

Leikskólakennarar með eldra leikskólakennarapróf, sem vilja bæta við sig 15 eininga námi til B.Ed. gráðu í fjarnámi við HÍ eða HA geta haldið launum vegna mætinga í staðbundinn hluta námsins í allt að fjórar vikur.

Námi skal lokið innan árs og lýkur með B.Ed. gráðu.

Fjárveiting til leikskóla vegna þessa samsvarar einum mánaðarlaunum grunnlauna viðkomandi starfsmanns.

#### 6. gr.

##### **Leikskólakennarar sem óska eftir að fara í meistaranám á kjörsviðum leikskólafræða**

Leikskólakennarar sem óska eftir að fara í meistaranám á kjörsviðum leikskólafræða geta tekið launað leyfi vegna mætinga í allt að sjö vikur eða 35 virka daga í allt að tvö ár, miðað við starfshlutfall.

Námi skal lokið með meistaragráðu, en hið minnsta diplómagráðu. Nemar hafa tækifæri á að dreifa námstyrknum á þrjú ár í samráði við leikskólastjóra og deildarstjóra leikskóladeildar.

Leikskólakennarar eiga einnig kost á því að sækja um launað námsleyfi, sbr. reglur Kópavogsbæjar um launað námsleyfi, samþykktar í bæjarráði Kópavogs 8. desember 2011. Þeir geta þó ekki notið hvoru tveggja.

Fjárveiting til leikskóla vegna þessa er 0,125 stöðugildi á hvern nema í 100% starfi.

Sé viðkomandi í launuðu námsleyfi er ráðinn starfsmaður fyrir hann.

#### 7. gr.

##### **Starfsfólk í leikskólabrú Borgarholtsskóla eða sambærilegu námi.**

Greidd eru skólagjöld fyrir starfsfólk sem stundar nám í leikskólabrú Borgarholtsskóla eða sambærilegu viðbótarnámi til leikskólaliða. Námið er utan vinnutíma.

Starfsmenn sem hafa gengið frá samningi við Leikskóladeild Kópavogsbæjar fá greiddar kr. 150.000.- að loknu námi í leikskólabrú og kr. 100.000.- til viðbótar að loknu viðbótarnámi leikskólaliða, samtals kr. 250.000.-.



## **8. gr. Umsókn og fylgigögn**

Sótt er um námsstyrk fyrir hvert skólaár.

Með umsókn skal skila meðmælum leikskólastjóra og námsferilsyfirliti síðasta skólaárs (ef nám er hafið).

Umsókn um námsstyrk ásamt fylgigögnum skal skilað í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar fyrir 15. ágúst ár hvert.

Umsóknir eru afgreiddar fyrir 1. september ár hvert.

## **9. gr. Samkomulag um námsstyrk**

Þegar umsókn hefur verið samþykkt er gengið frá samkomulagi við viðkomandi starfsmann. Við undirritun samnings þarf að liggja fyrir vottorð frá viðkomandi háskóla til staðfestingar á námsvist.

## **10. gr. Námskröfur og námsframvinda**

Starfsfólk sem fær námsstyrk, skal ljúka 40 einingum hið minnsta á hverju skólaári.

Starfsfólk sem fær námsstyrk, skal ljúka námi sínu innan þeirra tímamarka, sem kveðið er á um í reglum þessum.

## **11. gr. Samráð við leikskóladeild**

Nái starfsmaður ekki tilsettum námskröfum, þ.e. að ljúka 40 einingum hið minnsta á hverju skólaári, þarf viðkomandi að hafa samband við deildarstjóra leikskóladeildar. Það sama gildir ef viðkomandi þarf að gera hlé á námi sínu vegna persónulegra aðstæðna.

## **12. gr. Áframhaldandi starf**

Starfsfólk sem fær námsstyrk er skuldbundið til að starfa við leikskóla sem rekinn er af Kópavogsbæ, í að minnsta kosti tvö ár að námi loknu, í að lágmarki 50% stöðuhlutfalli. Starfsfólk sem þiggur eingreiðslur vegna leikskólaliðanáms er skuldbundið til að starfa við leikskóla sem rekinn er af Kópavogsbæ, í 1 ár að námi loknu. Taki starfsmaður fæðingarorlof eða launalaust leyfi, telst viðkomandi ekki vera starfandi, í skilningi ákvæðis þessa, á meðan á leyfinu stendur.

## **13. gr. Endurgreiðsla námsstyrks**

Í eftirfarandi tilvikum er starfsmanni skylt að endurgreiða veittan námsstyrk:

- a. ef starfsmaður lætur af störfum á námstímanum.
- b. ef starfsmaður lætur af störfum innan tveggja ára að námi loknu.
- c. ef starfsmaður hættir í náminu áður en því er lokið.

Endurgreiða ber þá heildarfjárhæð sem starfsmaðurinn fékk greidda í launuðu leyfi vegna námsins. Að jafnaði er starfsmanni ekki skylt að endurgreiða bóka- og skólalstyrk vegna námsára sem viðkomandi hefur lokið.

Gert er skriflegt samkomulag um endurgreiðslu námsstyrks. Endurgreiðslu skal ljúka eigi síðar en innan tveggja ára frá gerð samkomulags um endurgreiðslu.



**Kópavogsbær**

Digranesvegur 1  
200 Kópavogur  
Sími 441 0000  
kopavogur.is

#### **14. gr.**

#### **Styrkur fyrir skólagjöldum og námsbókum**

Starfsfólk sem sækir um námsstyrk á grundvelli 9. og 10. gr. reglnanna getur einnig sótt um styrk fyrir skólagjöldum og námsbókum. Styrkurinn nemur að hámarki 100.000 kr. á skólaári og er greiddur við undirritun samnings.

Samþykkt í leikskólanefnd Kópavogs 10. desember 2015

Endurskoðaðar reglur samþykktar í leikskólanefnd Kópavogs, 25. maí 2023

Viðauki við reglur um námstyrki samþykktur í leikskólanefnd Kópavogs 19. október 2023